

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 103/2005**

**frá 8. júlí 2005**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004 frá 10. mars 2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu <sup>(2)</sup> var sett með það að markmiði að gera Evrópubandalaginu og aðildarríkjum þess, og þar með fyrirtækjum, auðveldara um vik að koma í veg fyrir öryggisvandamál í net- og tölvukerfum og bregðast við þeim.
- 3) Starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópu getur varðað öryggisvandamál í net- og tölvukerfum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 4) Því er rétt að fella reglugerð (EB) nr. 460/2004 inn í samninginn til þess að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í starfsemi Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópu.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XI. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 460/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 36 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1.

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2005

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 5co (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/558/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5cp. **32004 R 0460**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 460/2004 frá 10. mars 2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (Stjtíð. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ og önnur hugtök, sem vísa til opinberra stofnana aðildarríkjanna í reglugerðinni, á þann veg að þau taki til EFTA-ríkjanna og opinberra stofnana þeirra auk ríkja og stofnana sem þau taka til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal 11. mgr. bókunar 1.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar stofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

‘11. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar stofnunarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.’
- d) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 14. gr.:

‘4. Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð (EB) nr. 1049/2001 einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.’
- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

‘12. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af því fjárframlagi frá Bandalaginu sem um getur í 1. mgr. Í þessu skyni skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann, að breyttu breytanda.’
- f) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 19. gr.:

‘3. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.’
- g) Eftirfarandi bætist við í 20. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna og viðeigandi reglum sem samþykktar hafa verið á grundvelli hennar.“